

**Skipulags- og mannvirkjanefn Ísafjarðarbæjar.**

**Skipulags- og byggingarfulltrúi Axel R. Överby.**

Sem handhafi lóðar nr. 3 í landi Sæborgar í Aðalvík, sem bærarstórn samþykkti á fundi sínum þann 7. apríl 2016 að stofnuð yrði að tillögu Skipulags- og mannvirkjanefndar (453. Fundur Skipulags- og mannvirkjanefndar, 30. Mars 2016) óska ég hér með eftir því að minniháttar breytingar verði gerðar á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar.

Málsatvik eru sem hér segir:

Jörðin Sæborg (landnúmer 206817) var stofnuð sem nýbýli 1936. Hún var mæld út úr landi Garða og formlega staðfest af yfirvöldum 1938. Jarðarinnar er hvergi getið í Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar og er það augljós villa, sem nauðsynlegt er að leiðrétta. Líklegast er, að þeir sem unnu skipulagið hafi talið að land Sæborgar og þau mannvirki sem á því standa tilheyrðu Garðalandinu sem umlykur jörðina. Sætir það nokkurri furðu þar sem þinglýst gögn hafa legið fyrir hjá sýslumanni allt frá 1936 og einnig að jörðin hefur um áratugaskeið verið á fasteignaskrá.

Í aðalskipulaginu er svæði F14 afmarkað utan um jarðirnar Sæból og Garða. Rökrétt er að álykta að slík afmörkun nái einnig yfir jörðina Sæborgu þar sem hún er umlukin Garðalandinu. Jörðin Sæborg ætti amkvæmt því að tilheyra svæði F14 í aðalskipulagi, og er óskað eftir því að texta í aðalskipulaginu verði breytt í samræmi við það.

Virðingarfyllt.

Ísafirði 24. ágúst 2017



Einar Hreinsson.